

Fimmtudaginn 8. júní 1989.

Nr. 191/1989. **Bjarni Jónasson**

gegn

Birni Úlfjótssyni

Þorvarði Gunnarssyni

Arnbóri Helgasyni

Sævari Berg Guðbergssyni

Eggerti Jóhannessyni

Vilhjálmí Árnasyni

Ágústi Helgasyni

Jóni Kjartanssyni

Einari Val Bjarnasyni

Arnmundi Þorbjörnssyni

Önnu Karin Júlíussen og

Brynjari Eiríkssyni.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Sóknaraðili hefur með heimild í 21. gr., 1. mgr. 1. tl. b, í lögum nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, skotið til réttarins frávísunardómi bæjarþings Vestmannaeyja frá 21. apríl 1989. Sóknaraðili fékk vitneskju um frávísunardóminn 25. apríl og kærði 3. maí. Kæran barst Hæstarétti 24. maí. Kröfur sóknaraðila eru, að frávísunardómnum verði hrundið og að lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar fyrir héraðsdómi og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilinn Björn Úlfjótsson hefur sent Hæstarétti greinargerð, sem barst 25. maí. Krefst hann aðallega frávísunar kærumáls þessa frá Hæstarétti, að því er sig varðar, auk kærumálskostnaðar. Til vara krefst hann staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilinn Arnbór Helgason hefur sent Hæstarétti greinargerð, sem barst 29. maí. Gerir hann sams konar kröfur og varnaraðilinn Björn Úlfjótsson.

Frá öðrum varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Í greinargerð til Hæstaréttar hefur sóknaraðili lýst breytingum á efniskröfum sínum í málinu. Þessar breytingar varða ekki kærumálið, sem hér er til meðferðar. Þá kemur fram í greinargerðinni áskorun til þriggja varnaraðila um að leggja fram skjöl. Það atriði varðar kærumálið ekki heldur.

Til stuðnings frávisunarkröfum þeim, sem fyrr er lýst, hafa varnaraðilarnir Björn og Arnþór vísað til 30. og 23. gr. laga nr. 75/1973. Kæra sóknaraðila er fullnægjandi og verður þessi krafa ekki tekin til greina.

Sóknaraðili hefur sérstaklega mótmælt málskostnaðarákvæði hins kærða dóms.

Með tilvísun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þar á meðal um málskostnað, en um hann fer eftir 180. gr., 1. mgr., laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 21. apríl 1989.

I.

Dómkröfur stefnanda við þingfestingu málsins.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þáa úrskurðar 29. f.m. að undangengnum munnlegum málflutningi um formhlið málsins vegna fram kominna frávisunarkrafna stefndu, hefur Bjarni Jónasson höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 6., 7., 8., 9. og 10. desember 1988, á hendur Birni Úlfjótssyni kt. 230258-2019, Brekastíg 19, Vestmannaeyjum, Þorvarði Gunnarssyni, kt. 140554-2279, Sæbólsbraut 9, Kópavogi, Arnþóri Helgasyni, kt. 050452-2209, Tjarnarbóli 14, Seltjarnarnesi, Sævari Berg Guðbergssyni, kt. 090748-4599, Borgarheiði 10, Hveragerði, Eggerti Jóhannessyni, kt. 310839-4349, Kirkjuvegi 17, Selfossi, Vilhjálmi Árnasyni, kt. 190221-2969, Vestmannabraut 65 A, Vestmannaeyjum, Ágústi Helgasyni, kt. 220123-3329, Hólagötu 8, Vestmannaeyjum, Jóni Kjartanssyni, kt. 100730-3759, Ásavegi 12, Vestmannaeyjum, Einari Val Bjarnasyni, kt. 250332-3789, Túngötu 5, Vestmannaeyjum, Arnmundi Þorbjörnssyni, kt. 180422-2779, Brimhólabraut 6, Vestmannaeyjum, Önnu Karin Júlíussen,

kt. 010546-2579, Stórholti 17, Reykjavík, og Brynjari Eiríkssyni, kt. 130854-5919, Foldahrauni 38 E, Vestmannaeyjum.

Stefnandi þingfesti málið 15. desember 1988, og var þá sótt þing af hálfu allra stefndu. Af hálfu stefnanda var lokið við að leggja fram öll birtingarvottorð hinn 12. janúar sl. Allir stefndu taka til varna í málinu og luku við að skíla greinargerðum hinn 2. mars sl.

Í stefnu (eftir lítils háttar breytingar stefnanda með bókun í þinghaldi 12. janúar sl. varðandi stefnda Eggert) gerir stefnandi svofelldar dómkröfur:

[Stefnandi krefst þess, að stefndu verði dæmdir til refsingar og málskostnaðargreiðslu, tiltekin ummæli verði ómerkt o.fl.]

— — —

II.

Dómkröfur aðila í þessum þætti málsins:

Stefndu í málinu eru sóknaraðilar í þessum þætti málsins, en stefnandi varnaraðili.

A. Dómkröfur sóknaraðila:

1. Dómkröfur stefnda Björns Úlfjótssonar eru þær að málinu verði vísað frá dómi og að stefnda Birni verði dæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ úr hendi stefnanda og þess jafnframt krafist, að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu, sbr. 3. gr. l. 25/1987.

2. Dómkröfur stefnda Þorvarðar Gunnarssonar eru þær sömu og stefnda Björns Úlfjótssonar.

3. Dómkröfur stefnda Arnþórs Helgasonar eru þær sömu og stefndu Björns og Þorvarðar.

4. Dómkröfur Sævars Bergs Guðbergssonar eru þær að máli þessu verði vísað frá dómi og að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ auk álags skv. lokamálsgrein 177. gr. laga 85/1936, sbr. l. nr. 54/1988, 22. gr., og að dráttarvextir reiknist á fyrrgreindan málskostnað, sbr. 3. kafla l. nr. 25/1987.

5. Dómkröfur stefnda Eggerts Jóhannessonar eru þær sömu og stefnda Sævars Bergs.

6. Dómkröfur stefnda Vilhjalms Árnasonar eru þær sömu og stefndu Sævars Bergs og Eggerts Jóhannessonar.

7. Dómkröfur stefnda Ágústs Helgasonar eru einnig þær sömu og um getur hjá stefndu í 4., 5. og 6. lið hér að framan.

8. Dómkröfur stefnda Jóns Kjartanssonar eru einnig þær sömu og um getur hjá stefndu í 4., 5., 6. og 7. lið hér að framan.

9. Dómkröfur stefnda Einars Vals Bjarnasonar eru einnig þær sömu og um getur hjá stefndu í 4., 5., 6., 7. og 8. lið hér að framan.

10. Dómkröfur stefnda Arnmundar Þorbjörnssonar eru einnig þær sömu og um getur hjá stefndu í 4., 5., 6., 7., 8. og 9. lið hér að framan.

11. Dómkröfur stefnda Brynjars Eiríkssonar eru sömuleiðis þær sömu og um getur hjá stefndu í 4., 5., 6., 7., 8., 9. og 10. lið hér að framan.

12. Dómkröfur stefndu Önnu Karínar Júlíussen eru þær, að máli þessu verði vísað frá dómi og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati réttarins, og gerir enn fremur kröfu um dráttarvexti á til dæmdan málskostnað, sbr. 3. kafla laga nr. 25/1987.

Allir stefndu gera þannig frávisunarkröfu í málinu.

Við munnlegan flutning málsins kvað stefnandi dómkröfur sínar vera eftirfarandi:

„Ég ítrega og held fast við allar gerðar dómkröfur að undanskildu varðandi Eggert Jóhannesson, er var felld niður skv. sérstakri bókun, geri kröfur um greiðslu hæfilegs málskostnaðar úr hendi andstæðinga að mati dómsins auk löglegra vaxta. Hann kveðst mótmæla fram komnum frávisunarkröfum og sýknukröfum og krefst þess, að málið verði tekið til efnislegrar meðferðar.“

— — —

IV.

Niðurstaða.

Eins og að framan greinir höfðar stefnandi mál þetta á hendur 12 einstaklingum, sem annaðhvort voru stjórnarmenn hjá vernduðum vinnustað í Vestmannaeyjum, á meðan hann var þar framkvæmdastjóri, störfuðu þar eða tengdust málefnum vinnustaðarins með öðrum hætti, meðan á starfstíma stefnanda stóð. Verndaður vinnustaður í Vestmannaeyjum starfar á grundvelli laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra. Stefnandi höfðar mál þetta sem einkarefsimál og gerir í fyrsta lagi þær kröfur að stefndu sæti refsingu, annaðhvort einvörðungu vegna ætlaðra brota á XXV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sem fjallar um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs (stefndu Arnþór, Eggert, Vilhjálmur, Ágúst, Jón og Arnmundur) eða vegna ætlaðra brota á þeim kafla og sérrefsilögum (stefndu Björn, Sævar Berg, Einar Valur, Anna Karín og Brynjar). Stefnandi krefst þess að stefndi Þorvarður sæti einungis refsingu vegna ætlaðra brota á sérrefsilögum. Í öðru lagi krefst stefnandi þess að tiltekin ummæli, sem hann telur að stefndu Björn, Arnþór, Eggert, Sævar Berg, Jón, Vilhjálmur, Ágúst og Arnmundur hafi viðhaft, verði dæmd dauð og ómerk. Í þriðja lagi krefst stefnandi að stefndu verði sameiginlega (in solidum) dæmd til að greiða sér kr. 500.000,00 eða aðra hæfilega fjárhæð að mati dómsins eins og stefnandi orðar það: „til að standa straum af kostnaði

við birtingu dómsins, atriðisorða í opinberum fjölmiðlum“. Í fjórða lagi gerir stefnandi þá kröfu að stefndu Jón, Þorvarður, Arnþór og Eggert leggi fram skýrslur og gögn, sem hann telur að þeir hafi undir höndum, og loks gerir hann málskostnaðarkröfu. Þá hefur stefnandi uppi tiltekinn áskilnað eins og að framan greinir.

Ljóst má vera, að ef til efnismeðferðar kæmi, hefðu þeir 12 einstaklingar, sem stefnandi gerir hér kröfur á hendur í einu og sama málinu, uppi mismunandi mótbáru og málsástæður. Það væri næsta ógerlegt fyrir dómara að fjalla um hverja einstaka málsástæðu og mótrök við henni, þegar svo háttar til eins og hér greinir. Þegar farið er yfir dómkröfur stefnanda, eins og þær eru settar fram í stefnu, sést að ekkert samhengi er á milli margra þeirra krafna, sem stefnandi steypir hér saman í eitt og sama mál. Tiltekin réttarfarsleg sjónarmið eiga við um sumar af kröfunum, en aðrar ekki. Stefnandi, sem ekki hefur opinbert ákærvald, steypir hér inn í einkarefsimál sitt ýmsum kröfum, bæði samkvæmt almennum hegningarlögum og sérrefsilögum, sem ríkissaksóknari hefir hér einn forræði yfir, en ríkissaksóknari hefur ekki í þessu sambandi séð ástæðu til höfðunar opinbers máls. Sú málasmsteypa, er stefnandi viðhefur í máli þessu, fellur ekki að hagræmmissjónarmiðum samlagsaðildar um tímasparnað og hagræði við málsmeðferð.

Þegar framangreint er virt teljast kröfur stefnanda á hendur framangreindum 12 einstaklingum ekki vera af sömu rót runnar. Stefnanda er því óheimilt að sækja þær í einu og sama máli, sbr. 47. gr. laga 85/1936. Þegar af þeirri ástæðu ber að taka frávisunarkröfur stefndu til greina, og er málinu vísað frá dómi. Koma því ekki sérstaklega til álita aðrir ágallar á málaltilbúnaði stefnanda, en eins og stefndu hafa bent á er málið í ýmsum greinum vanreifað af hálfu stefnanda. Eftir atvikum þykir þó rétt að taka fram að við munnlegan flutning málsins kom fram sú málflutningsyfirlýsing af hálfu stefnanda vegna fyrirspurnar dómarans, að ummæli, sem hann telur einkum vera höfð eftir stefndu Jóni Kjartanssyni, Vilhjálmi Árnasyni og Ágústi Helgasyni á bls. 5-6 í dskj. 1 (stefnu), ættu sér ekki stoð í framlögðum málsskjölum.

Sérstakir málskostnaðarreikningar hafa ekki verið lagðir fram, en allir stefndu hafa gert kröfur um málskostnað úr hendi stefnanda, sbr. II. kafla hér að framan. Með vísan til 177. gr. laga 85/1936, sbr. einnig 1. mgr. 180. gr. sömu l., þykir verða að taka málskostnaðarkröfur stefndu til greina, en álag skv. 3. mgr. 177. gr. laga 85/1936, sbr. 22. gr. laga 54/1988, verður ekki dæmt. Eftir atvikum þykir enn fremur ekki rétt að beita heimildarákvæði 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga 54/1988, um að málskostnaður beri vexti. Málskostnaður dæmist að öðru leyti eins og í dómsorði greinir.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Að kröfu stefndu er máli þessu vísað frá dómi.

Stefnandi Bjarni Jónasson, kt. 041037-4909, greiði stefndu málskostnað sem hér segir:

Stefnandi Bjarni Jónasson greiði stefnda Birni Úlfjótssyni kt. 230258-2019, kr. 7.500,00 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Stefnandi Bjarni Jónasson greiði stefnda Þorvarði Gunnarssyni, kt. 140554-2279, kr. 7.500,00 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Stefnandi, Bjarni Jónasson greiði stefnda Arnþóri Helgasyni, kt. 050452-2209, kr. 15.000,00 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Stefnandi Bjarni Jónasson greiði stefnda Sævari Berg Guðbergssyni, kt. 090748-4599, kr. 7.500,00 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Stefnandi Bjarni Jónasson greiði stefnda Eggerti Jóhannessyni, kt. 310839-4349, kr. 7.500,00 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Stefnandi Bjarni Jónasson greiði stefnda Vilhjálmi Árnasyni, kt. 190221-2969, kr. 3.000,00 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Stefnandi Bjarni Jónasson greiði stefnda Ágústi Helgasyni, kt. 220123-3329, kr. 3.000,00 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Stefnandi Bjarni Jónasson greiði stefnda Jóni Kjartanssyni, kt. 100730-3759, kr. 3.000,00 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Stefnandi Bjarni Jónasson greiði stefnda Einari Val Bjarnasyni, kt. 250332-3789, kr. 3.000,00 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Stefnandi Bjarni Jónasson greiði stefnda Arnmundi Þorbjörnssyni, kt. 180422-2779, kr. 3.000,00 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Stefnandi Bjarni Jónasson greiði stefndu Önnu Karín Júlíussen, kt. 010546-2579, kr. 15.000,00 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Stefnandi Bjarni Jónasson greiði stefnda Brynjari Eiríkssyni, kt. 130854-5919, kr. 3.000,00 í málskostnað þ.m.t. söluskattur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.